

Varðar útfellingar í djúpdælu í holu ÞG-11

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-82/06

VARÐAR ÚTFELLINGAR Í DJÚPDÆLU Í HOLU ÞG-11.

Vart hefur orðið útfellingar í djúpdælu í borholu ÞG-11 í Þorleifs-
koti, sem nýtt er fyrir Hitaveitu Selfoss.

Við greiningu kom í ljós að kalk er meginuppistaðan í útfellingunni,
en auk þess er vottur af járnoxyðum. Niðurstöður efnagreininga sýna
að heita vatnið úr holu ÞG-11 er mettað af kalki eins og flest jarð-
hitavatn á Íslandi er.

Afloftun og hækkun sýrustigs í vatninu gætu valdið yfirmettun með
tilliti til kalks. Vatnið er talsvert salt ($Cl = 270 \text{ mg/l}$) og hraðar
það útfellingu í því. Við nýtingu á vatninu þarf að koma í veg fyrir
afloftun vatnsins svo ekki verði yfirmettun á kalki.